

Íslenska 6. bekkur

Markmið kennslunnar er að nemendur læri að bera ábyrgð á eigin námi og þjálfist í sjálfstæðum vinnubrögðum og stuðst er við fjölbreyttar kennsluaðferðir. Séu nemendur ekki að ná tökum á hæfniviðmiðum aðalnámskrár er námið aðlagað af þörfum og getu hvers og eins nemanda. Í samráði við sérkennara er gerð einstaklingsnámskrá sé þess þörf.

Talað mál og hlustun

Hæfniviðmið að nemandi

- tjái sig skýrt og áheyrilega
- flytji laust og bundið mál upphátt, með viðeigandi áherslum og túlkun og haldi athygli áheyrenda
- hafi lesið, leikið eða sungið texta af ýmsum gerðum
- geti endursagt það sem hann hefur lesið eða heyrt
- verði fær um að tjá sig frammi fyrir hópi og standa fyrir máli sínu
- geti sagt frá eftirminnilegum atburðum
- hafi tileinkað sér þær reglur sem gilda í samræðum
- geta fylgt fyrirmælum
- geta hlustað á upplestur, sögur, leikrit og ljóð

Kennsluhættir

Í íslensku er framsögn æfð með fjölbreyttum hætti. Nemendur æfa upplestur á sögum, ljóðum og ýmsum textum. Þeir hlusta á frásögn annarra, ljóðaupplestur ofl. Rætt er um íslenskt mál á fjölbreyttan hátt.

Þessir þættir eru einnig þjálfaðir í tengslum við aðrar námsgreinar og hluta af skóladeginum. Í byrjun dags, í umsjón, ræða kennari og nemendur saman um námið, líðan og samskipti. Þar þjálfast nemendur í að tjá sig, standa fyrir máli sínu og fylgja þeim reglum sem gilda í samræðum. Heimapingu eru haldin tvisvar sinnum á vetri á miðstigi. Þar koma saman hver og einn með skólastjórnendum og ræða mál sem snerta nemendur í skólanum. Reglulega eru haldar kynningar á viðfangsefnum þemaverkefna vetrarins. Einu sinni á ári er unnið einstaklingsverkefni þar sem nemendur kynna fyrir samnemendum sínum og foreldrum.

Námsefni

Fjölbreyttir bókmenntatextar og ljóðabækur, rafrænt efni.

Námsmat

Framsögn nemenda í þemum og einstaklingsverkefni er metin af kennurum.

Lestur og bókmenntir

Hæfniviðmið að nemandi

- sé orðinn vel læs og hafi öðlast góðan lesskilning og fjölbreyttan orðaforða
- geri sér grein fyrir aðalatriðum í texta og helstu efnisorðum
- þekki nokkur frásagnarform bókmennta, svo sem smásögur, ævintýri, goðsögur og ljóð

- geti aflað upplýsinga úr bókum, margmiðlunarefni og af netinu og unnið úr þeim
- geti unnið úr einföldum tölulegum og myndrænum upplýsingum
- hafi þjálfast í mismunandi lestraraðferðum, svo sem nákvæmislestri, leitarlestri og yfirlitslestri
- geti lesið sér til ánægju og gert grein fyrir þeim áhrifum sem tiltekinn texti hefur á hann
- geti notið þess að hlusta á upplestur og frásagnir
- hafi lesið fornar og nýjar íslenskar bókmenntir, þar á meðal þjóðsögur og goðsögur
- hafi lesið leikþætti og lært nokkur valin ljóð
- þekki fáein bókmenntafræðileg hugtök til að fjalla um form og innihald ljóða, svo sem rím, ljóðstafi, hrynjanda, samlíkingu og boðskap.

Kennsluhættir

Mikil áhersla er lögð á að nemendur lesi bækur að eigin vali heima. Nemendur skrá daglega það sem þeir hafa lesið og foreldrar staðfesta það. Unnið er með fjölbreytt verkefni tengd bókalestrinum, s.s. með bókmenntahugtök, málfræði o.fl. Nemendur vinna fjölbreytt lesskilningsverkefni.

Í þeim vinna nemendur á fjölbreyttan hátt með texta úr bókum og af netinu sem þeir nýta sem heimildir í eigin verk.

Námsefni

Blái hnötturinn auk íslenskra- og þýðdra erlendra barnabóka.

Námsmat

Verkefni sem nemendur vinna í tengslum við lestur eru metin. Nemendur taka hraðlestrarpróf þrisvar að vetri og lesskilningspróf þrisvar sinnum. Lestrarfærni og virkni í PALS lestrarþjálfuninni er metin.

Ritun

Hæfniviðmið að nemandi

- geti skrifað læsilega og af öryggi
- noti rétta fingrasetningu við ritvinnslu
- hafi náð valdi á helstu atriðum stafsetningar og nokkurri færni í greinamerkjasetningu
- geti dregið út aðalatriði og endursagt efni úr ræðu og riti
- hafi öðlast öryggi við að tjá hugmyndir sínar og reynslu
- geti skipulagt og orðað texta á þann hátt sem hæfir efni, til dæmis frásagnir, lýsingar, fréttir, og fyrirmæli
- hafa fengist við skapandi skrif og samið sögur, ljóð og leikþætti
- kunni að ganga frá texta og geta nýtt sér stafsetningarorðabækur og önnur hjálpargögn við ritun.

Kennsluhættir

Nemendur vinna ýmis konar ritunarverkefni í íslensku. Þeir semja sögur, frásagnir og æfa sig í fjölbreyttum frásagnarstíl. Þeir skrifa fréttir, bréf, auglýsingar o.fl. en vinna líka eigin texta úr fjölbreyttum heimildum.

Námsefni

Ritun, Orðspor, vinnubók og lesbók, Málrækt 2 og Smellur ásamt ýmsum verkefnum af netinu.

Námsmat

Símat á vinnu nemenda í tengslum við námsbækurnar Orðspor og Málrækt. Fjölbreytt ritunarverkefni unnin í íslensku og eru þau metin. Upplestrar og stafsetningarpróf eru tekin nokkrum sinnum yfir veturinn.

Málfræði

Hæfniviðmið að nemandi

- hafi ræktað með sér áhuga á móðurmálinu og vitund um eigin málkunnáttu
- átti sig á að munur er á hljóði og bókstaf og skilji hvernig orðin skiptast í atkvæði
- geti nýtt sér málfræðikunnáttu sína við orðmyndun og stafsetningu
- kunni að fletta upp orðum eftir stafrófsröð og nýti sér upplýsingar í orðabókum
- átti sig á hvernig orðaforðinn skiptist í sagnorð, fallorð og óbeygjanleg orð
- þekki helstu einkenni orðflokka og beygingarformdeildir þeirra, svo sem kyn, tölu, fall, stigbreytingu, nútíð, þátíð og nafnhátt
- geri sér nokkra grein fyrir mismunandi hlutverkum orða í texta
- skilji að málfræðipekking nýtist í tungumálinu

Kennsluhættir

Nemendur vinna í námsefninu í vinnustundum. Nemendur fá aðstoð og frekari innlögn kennara eftir þörfum. Vinna eftir markmiðum málfræðinnar fer einnig fram í tengslum við mörg af þeimum vetrarins. Verklegar æfingar og námsleikir í útikennslu.

Námsefni

Hugarflug, Málrækt 2, Smellur auk fleiri verkefna af Skólavefnum.

Námsmat

Símat á vinnu nemenda í tengslum við námsbækurnar og próf í lok hvorrar annar.

Stærðfræði 6. bekkur

Markmið kennslunnar er að nemendur læri að bera ábyrgð á eigin námi og þjálfist í sjálfstæðum vinnubrögðum og stuðst er við fjölbreyttar kennsluaðferðir. Séu nemendur ekki að ná tökum á hæfniviðmiðum aðalnámskrár er námið aðlagð af þörfum og getu hvers og eins nemanda. Í samráði við sérkennara er gerð einstaklingsnámskrá sé þess þörf.

Hæfniviðmið að nemandi geti

Að geta spurt og svarað með stærðfræði.

- geti spurt, tjáð sig munnlega og skriflega um spurningar og svör um stærðfræði.
- leyst stærðfræðiþrautir um viðfangsefni sem gefa tækifæri til að beita innsæi, eigin túlkun og framsetningu, byggða á fyrri reynslu og þekkingu.

Að kunna að fara með tungumál og verkfræði stærðfræðinnar.

- geti sett sig inn í og tjáð sig, bæði munnlega og skriflega, um ólíkar leiðir við lausnir stærðfræðiverkefna.
- velur og notar hentug verkfæri, þar með talin hlutbundin gögn til rannsókna á stærðfræðilegum viðfangsefnum.

Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar

- geti tekið þátt í að þróa fjölbreyttar lausnarleiðir, með því m.a. að nota skráningu með tölum, texta og teikningum.
- geti unnið í samvinnu við aðra að lausnum stærðfræðiverkefna, þar sem byggt er á ólíkum forsendum og hugmyndum nemenda.

Tölur og reikningur

- noti ræðar tölur og raðað þeim og borið saman.
- notað tugakerfisríthátt og sýnt að hann skilur sætiskerfi.
- skráð hlutföll og brot á ólíka vegu og sýnt fram á að hann skilur sambandið milli almennra brota, tugabrota og prósentu.
- notað almenn brot, tugabrot og prósentur við útreikninga á daglegum viðfangsefnum.

Algebra

- geti rannsakað og sett fram talnamynstur á skipulegan hátt og unnið með regluleika í rúmfræði, lýst mynstrum með tölum, myndum og orðum.

Rúmfræði og mælingar

- geti greint tvívíð og þrívíð form, teiknað einfaldar flatar- og þrívíddarmyndir, speglað, snúið og hliðrað flatarmyndum við rannsóknir á mynstrum sem þekja flötinn.
- geti áætlað ummál, flatarmál og rúmmál í raunverulegum aðstæðum.
- áætlað og mælt horn, þyngd, tíma og hitastig með viðeigandi mælikvarða og dregið ályktanir af mælingunum.

Kennsluhættir

Kennt er í lotum í ákveðnu efni hverju sinni þar sem hver lota hefst á innlögn. Að mestu er um hefðbundna kennslu en hópverkefni og samvinnuverkefni unnin þegar við á. Stærðfræðinámið er einnig unnið í þemu og í útikennslu í formi verklegra æfinga og námsleikja. Mikið er lagt upp úr skipulögðum vinnubrögðum við uppsetningu dæma. Einnig er ábyrgð nemenda efld með áætlunarvinnu þannig að ef nemendur klára ekki sína áætlun í skólanum, þá þurfa þeir að vinna hana heima. Auk þess eiga nemendur að fara yfir vikuáætlun sína með lausnarhefti og þegar þeir hafa lokið því og dæmin rétt unnin þá fá þeir stimpil í bókina hjá kennara. Í lok hverra viku er brottfaraspjald lagt fyrir, með því markmiði að athuga hvort nemendur hafi náð hæfni vikunnar. Ef ekki fer kennari yfir efnið með nemandanum. Með áætlunarvinnu og brottfaraspjöldum er verið að efla sjálfstæði og ábyrgð í námi.

Námöggn

Stika, nemendabók 2A og 2B og æfingahefti 2A og 2B, stærðfræðispil, stærðfræðiprautir, ipad – smáforrit, efni af vefnum.

Námsmat

Við lok hvers kafla er tekin könnun og niðurstöður þeirra birtar á Námfús.

Þema 6. bekkur

Náttúrugreinar og samfélagsgreinar eru kenndar í þemum í skólanum. Í 6. bekk eru tekin fyrir nokkur þemaverkefni sem hvert fyrir sig eru kennd í 4-6 vikur. Í þemaverkefnunum eru tveir flokkar hæfniviðmiða samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla hafðir til hliðsjónar en þeir skiptast í hæfniviðmið um verklag annars vegar og hins vegar úr völdum viðfangsefnum. Í flestum þemaverkefnum eru verklag og lýðræðisleg vinnubrögð hluti af kennslunni og námsmatið tekur mið af því. Notast er við útikennslu í formi vettvangsferða, námsleikja og verklegra æfinga.

Markmið kennslunnar er að nemendur læri að bera ábyrgð á eigin námi og þjálfist í sjálfstæðum vinnubrögðum og stuðst er við fjölbreyttar kennsluaðferðir. Séu nemendur ekki að ná tökum á hæfniviðmiðum aðalnámskrár er námið aðlagað af þörfum og getu hvers og eins nemanda. Í samráði við sérkennara er gerð einstaklingsnámskrá sé þess þörf.

Söngleikur eða leikrit Lesin var barnabókin Blái hnötturinn eftir Andra Snæ Magnason, atriði æft á sal og nemendur útbjuggu kvikmynd í hópavinnu í samvinnu við listgreinakennara í forritunni iMovie. Upptaka og ýmsar mismunandi sviðsmyndir var í höndum nemendahópanna sem var svo klippt saman í eina kvikmynd.

Hæfniviðmið að nemandi geti

- geri sér grein fyrir mikilvægi jákvæðrar hegðunar og samskipta.
- geti nýtt sér skapandi vinnubrögð við að útfæra eigin hugmyndir og lausnir.
- leiki leikþætti eða atriði úr frásögnum sem hann hefur lesið eða samið.
- ræði um bókmenntaverk sem hann hefur hlustað á og /eða lesið.
- geri sér grein fyrir hugtökunum aðal- og aukapersónur.
- þekki hugtökin persóna, söguhetja, söguþráður og sögulok.
- nýti sér aðferðir leikrænnar tjáningar við lausn á verkefnum.
- lesi bókmenntatexta og vinni með hann á fjölbreyttan hátt.
- geti tjáð sig á öruggan hátt fyrir framan samnemendur sína og fjallað þannig munnlega um söguna.
- setji sig í hlutverk annarra og nýti sér aðferðir leikrænnar tjáningar við lausn á verkefnum.

Kennsluhættir

Nemendum er skipt í hópa. Þemað endar með bíómynd. Allir koma að bíómyndinni með einum eða öðrum hætti tengt þeirra hópavinnu. Í lokin verður kvikmyndin sýnd með nemendum og foreldrum á sal og nemendur syngja og dansa á sviði.

Námsefni

Bókin Blái Hnötturinn eftir Andra Snæ Magnasón

Námsmat

Nemendur vinna verkefni í tengslum við Bláa hnöttinn og fá umsögn fyrir framlag sitt í þemanu.

Snorri Sturluson

Hæfniviðmið að nemandi geti

- sagt frá lífshlaupi Snorra Sturlusonar og ritverkum hans
- sagt frá höfðingjaættum á þessum tíma og átti sig á hlutverki blóðhefnda í samfélaginu
- lýst hvernig handritin voru búin til
- sett sig í spor fólks sem uppi var á Sturlungaöld
- tekið þátt í leikrænni tjáningu og unnið með fjölbreytta miðla á skapandi og skýran hátt
- kynnist íslenskum þjóðlögum, einkennum þeirra og samið lag við kvæði eftir Snorra

Kennsluhættir

Þemað byggist á einstaklings og hópvinnu. Nemendur lesa bókina *Snorra saga* heima og í skólanum og vinna vinnubók í tengslum við hana. Hópvinnan byggist á persónusköpun og hlutverkaleik.

Námsefni

Snorra saga eftir Þórarinn Eldjárn. *Snorri Sturluson og mannlíf á miðöldum* eftir Birgi Loftsson

Námsmat

Skriflegt próf (úr vinnubók – nemendur mega útbúa „svindlmiða“ til að hafa með sér)

Sjálfsmat: nemendur meta eigin vinnusemi og áhuga. Kennaramat: kennari metur vinnubók nemenda, vinnusemi og stuttmyndagerð.

Himingeimurinn

Hæfniviðmið:

Að nemandi

- Þekki stöðu og hreyfingu jarðarinnar í sólkerfinu
- Geri sér grein fyrir stærð jarðar og reikistjarna, helstu sérkennum og fjarlægð þeirra frá sólu
- Geri greinarmun á reikistjörnu og sólstjörnu fastastjörnu
- Þekki nokkur stjörnumerki sem sjást á norðurhveli jarðar
- Skapi og túlki leikspætti út frá námsefni
- Að nemendur geti í hóp búið til tónverk þar sem eitthvað fyrirbæri himingeimsins er túlkað.

Kennsluhættir

Unnið er eftir söguaðferðinni þar sem fjölbreytt verkefni eru unnin, aðallega í hópavinnu. Nemendur skoða stjörnuver Snævars og ferðast um himinhvolfið. Þemað tengist fyrst og fremst náttúrufræði en einnig íslensku, stærðfræði, upplýsingamennt og listgreinum.

Námsefni

Auðvitað eftir Helga Grímsson.

Námsmat

Kennaramat á hópastarfi þar sem samvinna, áhugi og afurð hópsins er metin.

Náttúran-Ísland hér búum við.

Hæfniviðmið:

Að nemandi geti:

- Gert grein fyrir einkennum og stöðu Íslands í heiminum í ljósi legu og sögu landsins.
- Lýst náttúruferlum sem hafa áhrif á land og gróður.
- Áttað sig á hvernig loftslag og gróðurfar hafa áhrif á búsetu og lífsskilyrði
- Gert sér grein fyrir nýtingu og vernd auðlinda og umhverfis, hvernig hver einstaklingur getur lagt sitt af mörkum til verndar
- Notað kort og gröf til að afla sér upplýsinga
- Lýst einkennum og þróun íslensks þjóðfélags og tekið dæmi um mikilvæga áhrifaþætti
- Tjáð þekkingu sína og viðhorf með fjölbreyttum hætti, einn og sér og í samstarfi við aðra.
- Lýst dæmum af áhrifum af gjörðum mannsins á náttúru og og manngert umhverfi í heimabyggð og á Íslandi, sagt frá hugsanlegri þróun í framtíðinni
- Útskýrt hvernig Ísland byggist upp, hvernig landslag þess og jarðvegur breytist
- Lýst veðri í heimabygg og loftslagi og landslagi á Íslandi.
- Gert grein fyrir notkun manna á auðlindum.
- Sýnt sjálfstæði í vinnubrögðum undirleiðsögn og í samvinnu með öðrum
- Nýtt fjölbreyttar leiðir og leitarvélur við markvissa öflun upplýsinga við hæfi.
- Unnið með heimildir og sett fram einfalda heimildaskrá.

Námsefni:

Kennslubókin ***Ísland, hér búum við*** eftir Hilmar Egil Sveinbjörnsson, útgáfuár 2018.

Vinnubókin ***Ísland, hér búum við*** eftir Hilmar Egil Sveinbjörnsson, útgáfuár 2018.

Námsmat

- Vinnubók
- Hópverkefni og kynningar um viðfangsefni sem tengist hverjum landshluta
- Veggspjöld unnin úr hverju viðfangsefni og nemendahópar kynna sitt verkefni
- Sjálfsmat: nemendur meta eigin vinnusemi í tímum og í hópaverkefni
- Kennaramat: meta vinnubók og vinnusemi nemenda, veggspjöld og kynningar nemendahópa

Kennsluhættir

Nemendur vinna verkefni þar sem hver hópur gerist sérfræðingur í afmörkuðu viðfangsefni sem tengist Íslandi. Hóparnir kynna svo verkefni sín fyrir öðrum nemendum í lokin. Nemendur vinna einnig einstaklingsverkefni í sínum vinnubókum. Verkefni tengjast landafræði Íslands almennt, fjallað er um kort og kortalestur, náttúru Íslands, náttúruauðlindir, atvinnulíf og umhverfi. Einnig er sérstaklega fjallað um hvern landshluta, þ.e. Vesturland, Vestfirði, Norðurland vestra, Norðurland eystra, Austurland, Suðurland, Suðurnes, Reykjavík og nágrenni og hálendi Íslands. Einnig eru hugmyndir að vinnu við heimabyggð nemenda. Þeir gerast sérfræðingar um ákveðinn landshluta, finna upplýsingar og útbúa veggspjald um hann. Í tengslum við þemað verður farið í vettvangsferð í Lava Center safn í miðbæ Reykjavíkur og einnig nýtum við okkur í náttúruna hér í kringum skólann, fjöruna, Gálgahraunið og víðar. Við öflum okkur þekkingar úr öðrum upplýsingabókum, s.s. um sögu Garðabæjar, Kortabækur, ýmis konar fræðibókum og af veraldarvefnum. Þemað tengist fyrst og fremst Íslandi en einnig munum við flétta inn íslensku (framsögn) og upplýsinga- og tæknimennt.

Einstaklingsverkefni

Hæfniviðmið að nemandi geti

- skipulagt og búið til raunverulegt verkefni allt frá hugmynd að kynningu á afurð
- búið til verkáætlun og fylgt henni eftir
- aflað sér upplýsinga, unnið með mismunandi heimildir og skráð þær
- undirbúið viðtal, fundið heimildamann og skráð niðurstöður
- undirbúið kynningu og flutt fyrir samnemendum

Kennsluhættir

Nemendur ákveða afmarkað efni sem þeir ætla að rannsaka frekar, búa til verkáætlun og afurð. Í lok þemans kynna nemendur afurðina fyrir foreldrum og samnemendum sínum. Nemendur skila skýrslu sem felur í sér viðtal við sérfræðing, dagbók um vinnslu verkefnis, heimildaskrá og sjálfsmat. Verkefnið er að mestu unnið heima í samvinnu við foreldra.

Námsefni

Nemendur finna námsefni sem hentar þeirra verkefni með aðstoð kennara og foreldra.

Námsmat

Nemendur skila inn sjálfsmati á verkefni sínu sem og kennari metur afurð, kynningu og skýrslu.

Enska 6. bekkur

Markmið kennslunnar er að nemendur læri að bera ábyrgð á eigin námi og þjálfist í sjálfstæðum vinnubrögðum og stuðst er við fjölbreyttar kennsluaðferðir. Séu nemendur ekki að ná tökum á hæfniviðmiðum aðalnámskrár er námið aðlagað af þörfum og getu hvers og eins nemanda. Í samráði við sérkennara er gerð einstaklingsnámskrá sé þess þörf.

Hæfniviðmið að nemandi geti

Hlustun

- skilji fyrirmæli og leiðbeiningar kennara á ensku
- skilji í meginatriðum samtöl og viðtöl um efni tengt daglegu lífi og efni sem tengist viðfangsefni námsins
- skilji efni á myndböndum og geisladiskum í tengslum við viðfangsefni sem unnið er með og eru þeim kunnugleg
- hlustað eftir einstökum atriðum og geta brugðist við með orðum eða athöfnum

Ritun

- skrifað stuttan samfellan texta um efni sem tengist honum persónulega, tengt saman einfaldar setningar
- sagt frá og brugðist við því sem hann hefur lesið, séð eða heyrt
- lýst því sem næst honum er, fjölskyldu, áhugamálum, vinum og umhverfi
- samið texta þar sem ímyndunaraflíð fær að njóta sín

Lesskilningur

- lesið sér til gagns og ánægju léttu texta, sem tengist daglegu lífi og áhugamálum
- geta skilið megininntak í einföldum frásögum, dagblaða, tímarita og netmiðla og geta fjallað um efni þeirra
- geta greint lykilupplýsingar í texta og nýtt í verkefnavinnu
- lesið sér til gagns og gaman auðlesnar bækur og annan texta fyrir börn

Frásögn og samskipti

- tjáð sig um það sem viðkemur daglegu lífi hans og því sem stendur honum nærri á vel skiljanlegu máli
- sagt frá eða lýst sjálfum sér, vinum, fjölskyldu, áhugamálum og nánasta umhverfi
- greint frá og lýst atburðum og athöfnum með stuðningi
- flutt atriði, sagt stutta sögu eða lesið upp eigin texta sem hann hefur haft tækifæri til að æfa
- spurt og svarað á einfaldan hátt um það sem stendur honum nærri, tekið þátt í samskiptaleikjum og unnið samtalsæfingar
- skipst á upplýsingum og skoðunum við skólasystkini og kennara um efni tengt náminu

Menningarlæsi

- sýnt fram á að hann kann skil á ýmsum þáttum sem snúa að daglegu lífi, s.s. fjölskyldu, skóla, frítíma og hátíðum og geti áttað sig á ólíkum menningarþáttum

- sýnt fram á að hann þekkir til siða og hefða viðkomandi mál- og menningarsvæða

Námshæfni

- sett sér einföld markmið og lagt mat á námsframvindu, beitt aðferðum til að skipuleggja sig og bæta þar sem þess gerist þörf.
- tekið þátt í hóp- og tvenndarvinnu, hlustað á og tekið tillit til þess sem aðrir eru að segja

Kennsluhættir

Hlustun: Hlustun er mikilvægur þáttur í enskukennslu í 6. bekk. Hlustunarverkefni úr námsbókunum eru unnin í flestum kennslustundum bæði einstaklingslega sem og í hópum. Kennarinn gefur einnig fyrirmæli og leiðbeiningar á ensku.

Lestur: Nemendur lesa texta og vinna verkefni í Build up 2, World of Records og Going Places. Nemendur vinna svo með textana á marga vegu, þeir vinna ýmis lesskilningsverkefni og læra að glósa orð úr textanum. Einfaldar málfræðiæfingar, minnisstílar og krossgátur er meðal þess sem nemendur þjálfa sig í.

Talað mál: Munnlegar æfingar eru í flestum kennslustundum. Þær eru ýmist unnar af öllum bekknum saman, í þörum og/eða smærri hópum.

Ritun: Ýmsar skriflegar æfingar eru unnar í vinnubókinni Build up 2 en einnig rita nemendur bréf, póstkort, sögur og gera fleiri ritunaræfingar.

Útikennsla: Verklegar æfingar og námsleikir.

Námsefni

Build up 2, World of Records og Going Places .

Námsmat

Símat er yfir skólaárið þar sem ákveðnir þættir eru metnir hverju sinni. Lagðar eru fyrir kannanir og verkefni til að meta stöðu og kunnáttu nemenda. Frammistaða og virkni nemenda í tímum er einnig metin sem og vinnubækur nemenda og glósur.

Heimavinna

Ekki er lögð áhersla á heimavinnu en ætlast er til að nemendur klári verkefni sem þau hafa ekki náð að ljúka við í kennslustund.

Upplýsinga-og tæknimennt 6. bekk

Markmið kennslunnar er að nemendur læri að bera ábyrgð á eigin námi og þjálfist í sjálfstæðum vinnubrögðum og stuðst er við fjölbreyttar kennsluaðferðir. Séu nemendur ekki að ná tökum á hæfniviðmiðum aðalnámskrár er námið aðlagað af þörfum og getu hvers og eins nemanda. Í samráði við sérkennara er gerð einstaklingsnámskrá sé þess þörf.

Hæfniviðmið að nemandi

- þekki helstu hluta tölvu og tileinki sér íslenskan orðaforða þar um
- hafi lært grunnatriði í meðferð og notkun tölvu
- geti vistað skjöl og ná í vistuð skjöl
- kunni grunnatriði í fingrasetningu á tölvu
- geti nýtt sér kennsluforrit og gagnvirkir námsefni á fjölbreyttan hátt
- geti sýnt sjálfstæði í vinnubrögðum undir leiðsögn og í samvinnu með öðrum
- geti nýtt sér mismunandi tæknibúnað og fundið fjölbreyttar leiðir og leitarvélur við öflun upplýsinga
- sé gagnrýninn á gæði upplýsinga
- geti unnið með heimildir á ábyrgan hátt og sett fram einfalda heimildaskrá
- geti nýtt sér ýmis forrit, s.s. Word, Publisher, Excel, Power Point ofl. við gerð einfaldra verkefna, s.s. í ritun og við framsetningu tölulegra gagna
- geti nýtt hugbúnað/forrit við myndvinnslu, gerð stuttmynda og hljóð- og tónvinnslu
- sé óhræddur við að þreifa sig áfram og auka við eigin þekkingu á tölvutækni
- hafi tileinkað sér jákvætt viðhorf til tölva og þjálfist í að umgangast þær sem sjálfsgöð verkfæri
- kunni að fara eftir reglum um ábyrga netnotkun, vera meðvitaður um siðferðislegt gildi þeirra og taka ábyrgð á eigin samskiptum og gögnum á netinu

Kennsluhættir

Nemendur fá kennslu í upplýsinga- og tæknimennt í hverri viku, 40 mínútur í senn. Kennslustundir hefjast flestar á innlögnum og stundum sýnikennslu fyrir alla nemendur en eftir það fara nemendur til vinnu og vinna á sínum hraða. Tölvukennsla fer einnig fram í gegnum þemaverkefni, tungumálakennslu ofl.

Nemendur nota tölvur og ípada í samþættingu við þemu, íslensku og stærðfræði, ensku og dönsku. Farið er í Word, Outlook, fingrasetningu og PowerPoint auk þess að fara í sambærileg forrit í Google Chrome tölvum þ.e. Docs, Slides og Sheet auk ýmissa smáforrita svo sem iMovie, StopMotion, Kahoot ofl. og nemendum kennt að senda tölvupóst með viðhengi. Einnig kennd grunnatriði í forritun með snjallkúluforritinu Sphero og verklegar æfingar unnar bæði inni og úti.

Námsefni

- Ritvinnslusíður, s.s. typing master, 10 fast fingers, sense-lang.org ofl.
- Kennsluforrit á tölvum skólans

- Office forritin
- nams.is (ýmis forrit og námsefni á vef Námsgagnastofnunar)
- Vefurinn (ýmsir námsleikir, upplýsingasíður, vefsíðugerð o.fl.)
- Ýmis forrit á i-pad
- Sphero forritunarkúlur.

Námsmat

Námsmat fór fram í gegnum verkefnavinnu.

Námsvísir 6. bekkur- myndmennt

Hæfniviðmið

Að nemandi geti:

- Sýnt ábyrga og örugga umgengni við vinnu og frágang á vinnusvæði
- Útskýrt og sýnt vinnuferli sem felur í sér þróun frá hugmynd til afurðar
- Nýtt sér grunnþætti myndlistar í eigin sköpun
- Unnið hugmynd frá skissu að lokaverki bæði fyrir tví- og þrívíð verk.
- Gert grein fyrir og fjallað um ýmsar stefnur myndlistar með því að bera saman stíla og tímabil tiltekinna verka og sett þau í menningarlegt samhengi sem þau voru sköpuð.

Kennsluhættir:

Reynt er að hafa verkefni fjölbreytt og þannig úr garði gerð að þau bjóði upp á fjölbreyttar útfærslur. Verkefnunum er ætlað að mæta hverjum nemanda þar sem hann er staddur og styðja hann í að auka færni sína í greininni.

Verkefni eru yfirleitt kynnt nemendum með myndum, spjalli og stuttri sýnikennslu. Kennari gengur svo á milli og aðstoðar nemendur. Nemendur eru einnig hvattir til að hjálpa hvorum öðrum.

Rík áhersla er á að nemendur fái jákvæða upplifun af greininni, þroski og eflri sköpunargleði sína og verði jafnvel forvitnari um heiminn í kringum sig.

Námsmat:

Hæfni nemandans er metin jafnt og þétt yfir skólaárið. Hæfniviðmiðin eru unnin út frá hæfniviðmiðum í Aðalnámsskrá grunnskólanna. Þau eru áþekkt hjá öllum nemendum á miðstigi, en þó liggja aðrir þættir á bak við hvert viðmið.

Nemendur eru metnir á sex bila kvarða líkt og í öðrum námsgreinum skólans.

Tímafjöldi:

Kennt er þrisvar í viku, ein lota í hverri listgrein tvisvar á vetri. Hópnun var skipt í 3 minni hópa með 10-11 nemendum í hóp.

Námsvísir 6. Bekkur- nýsköpun

Hæfniviðmið

Að nemandi geti:

- útskýrt og sýnt vinnuferli sem felur í sér þróun frá hugmynd til afurðar
- greint þarfir úr umhverfi sínu og rætt mögulegar lausnir
- gengið frá eftir vinnu sína
- tekið tillit til annarra í hópvinnu og sýnt frumkvæði
- tjáð sig á einfaldan hátt um verkefni sitt

Kennsluhættir:

Reynt er að hafa verkefnin fjölbreytt og þannig úr garði gerð að þau bjóði upp á fjölbreyttar útfærslur. Verkefnunum er ætlað að mæta hverjum nemanda þar sem hann er staddur og styðja hann í að auka færni sína í greininni.

Verkefnin eru yfirleitt kynnt nemendum með myndum, spjalli og stuttri sýnikennslu. Kennari gengur svo á milli og aðstoðar nemendur. Nemendur eru einnig hvattir til að hjálpa hvorum öðrum.

Rík áhersla er á að nemendur fái jákvæða upplifun af greininni, þroski og efli sköpunargleði sína og verði jafnvel forvitnari um heiminn í kringum sig.

Námsmat:

Hæfni nemandans er metin jafnt og þétt yfir skólaárið. Hæfniviðmiðin eru unnin út frá hæfniviðmiðum í Aðalnámsskrá grunnskólanna. Þau eru áþekkt hjá öllum nemendum á yngsta stigi, en þó liggja aðrir þættir á bak við hvert viðmið. Nemendur eru metnir á sex bila kvarða líkt og í öðrum námsgreinum skólans.

Tímafjöldi:

Kennt er þrisvar í viku, ein lota í hverri listgrein tvisvar á vetri. Hópnum er skipt í 3 minni hópa með 10-12 nemendum í hóp.

Hönnun og smíði- 6. Bekkur

Hæfniviðmið

Að nemandi geti:

- valið og notað á réttan hátt helstu verkfæri og mælitæki
- valið samsetningar og yfirborðsmeðferð sem hæfa verkefnum
- unnið með mismunandi efnivið svosem við og plexigler
- sagað út bæði með höndum(handsög) og í tifsög
- framkvæmt einfaldar samsetningar
- sýnt ábyrga og örugga umgengni við vinnu og frágang á vinnusvæði
- gengið vel um smíðastofuna, verkefnin sín og annarra
- lagt mat á eigin verk og sýnt skilning á vönduðum vinnubrögðum.

Kennsluhættir:

Reynt er að hafa verkefnin fjölbreytt og þannig úr garði gerð að þau bjóði upp á fjölbreyttar útfærslur. Verkefnunum er ætlað að mæta hverjum nemanda þar sem hann er staddur og styðja hann í að auka færni sína í greininni.

Verkefnin eru yfirleitt kynnt nemendum með myndum, spjalli og stuttri sýnikennslu. Kennari gengur svo á milli og aðstoðar nemendur. Nemendur eru einnig hvattir til að hjálpa hvorum öðrum.

Rík áhersla er á að nemendur fái jákvæða upplifun af greininni, þroski og efli sköpunargleði sína og verði jafnvel forvitnari um heiminn í kringum sig.

Námsmat:

Hæfni nemandans er metin jafnt og þétt yfir skólaárið. Hæfniviðmiðin eru unnin út frá hæfniviðmiðum í Aðalnámsskrá grunnskólanna. Þau eru áþekkt hjá öllum nemendum á yngsta stigi, en þó liggja aðrir þættir á bak við hvert viðmið. Nemendur eru metnir á sex bila kvarða líkt og í öðrum námsgreinum skólans.

Tímafjöldi:

Kennt er einu sinni í viku, ein lota í hverri listgrein tvisvar á vetri. Hópnum var skipt í 3 minni hópa með 13-14 nemendum í hóp.

Tónmennt í 6. bekk

Hæfniviðmið

Að nemandinn geti:

- nefnt hljóðfæraflokka símfóníuhljómsveitar og helstu hljóðfæri innan hvers flokks
- valið hljóðfæri og hljóðblæ við hæfi í eigin tónsköpun
- greint einstaka þætti tónlistar eins og hljóðfæri, hraða, styrk og blæ og notað við eigin sköpun og flutning
- nefnt nokkur íslensk og erlend tónverk og höfunda þeirra
- rappað eigin texta eða annarra
- sungið og flutt fjölbreytt sönglög og þulur á ýmsum tungumálum
- sungið einfalda tvíradda útsetningu
- notað spjaldtölvu og tónlistaröpp til tónsköpunar
- notað upptöku- og hljóðbútaforrit við tónsköpun og hljóðritun
- notað einföld nótnagildi við skrásetningu eigin tónlistar
- spunnið á skólahljóðfæri við undirleik
- samið og leikið þrástef
- fullgert og endað lag- og hrynmýndstur (spurning/svar)
- spilað hljóma á hljóðfæri sem undirleik fyrir söng eða spuna
- samið eigin tónsmíð og leikið á skólahljóðfæri fyrir áheyrendur og skrásett
- útskýrt sérkenni íslenskra þjóðlaga eins og víxltakt, tvísöng og kvæðasöng
- greint og metið eigin tónsmíðar og skólasystkina sinna af sanngirni

Kennsluhættir

Mikil áhersla er lögð á að nemendur læri fjölbreytt sönglög og þulur í tengslum við morgunsönginn. Hlustun er þjálfuð hjá nemendum með því að hlusta eftir fyrirfram ákveðnum þáttum eins og hraða, styrk, takti, hljóðfærum eða röddum. Unnið er með hrynn bæði með ýmiskonar hreyfileikjum og beinni hljóðfæravinnu. Mikið er unnið með spuna og sköpun. Nemendur semja í stórum og smáum hópum hljóð- og tónverk sem þau flytja fyrir áheyrendur og taka upp á spjaldtölvur og tölvur, t.d. rapplag. Nemendur nýta tækni, tölvur og tónlistarforrit við tónsköpun, upptökur og hljóðvinnslu og kynnast þannig heimi raftónlistarinnar og hvernig tölvur hafa breytt hljóðheimi tónlistarinnar og hvernig við hugsum og sjáum fyrir okkur tónlist. Tónmennt tengist mikið þeim þeimum sem nemendur eru í hverju sinni hjá umsjónarkennurum og er unnið markvisst með hæfniviðmið tónmenntar í tengslum við þemun.

Leiðbeinandi kennsluhættir henta mjög vel við tónmenntakennslu og eru nýttir til að hjálpa nemendum að átta sig á markmiðum og eigin stöðu hverju sinni.

Námsgögn:

- skólahljóðfæri og aðrir hljóðgjafar s.s. líkaminn og hlutir úr náttúrunni
- spjaldtölvur og tónlistaröpp
- borðtölvur, upptökuforrit og upptökubúnaður
- námsefnið: Það er gaman að hlusta á hermitónlist
- námsefnið: Það er gaman að hlusta á framandi tónlist
- námsefnið: Tónmennt 4. hefti
- myndbönd
- geisladiskar og tónlist af netinu
- einfaldar hljóðfæraútsetningar
- annað námsefni útbúið af kennara

Námsmat

Nám nemenda er metið með símati, frammistöðumati, skriflegum könnunum og verkefnum auk sjálfsmats. Video- og hljóðupptökur eru reglulega gerðar til að fylgjast með framförum og getu nemenda í söng og hljóðfæravinnu. Tónsköpun og spuni nemenda eru tekin upp og metin. Þekkingaratriði eru metin með skriflegum könnunum og verkefnum unnum í tímum. Tvisvar á vetri fá nemendur afhent námsmat í tónmennt þar sem hæfniviðmiðin eru útlustuð með eftirfarandi skala:

- A Framúrskarandi hæfni
- B + Mjög góð hæfni
- B Góð hæfni
- C + Nokkuð góð hæfni
- C Sæmileg hæfni
- D Ófullnægjandi hæfni

Textílmennt - 6. bekkur

Hæfni

Að nemendur geti:

- þrætt saumavél
- unnið verkefni í vélsaumi
- unnið verkefni í prjóni
- fylgt vinnuleiðbeiningum
- notað eigin hugmyndir í útfærslur á verkefnum
- tjáð sig um verkefni sín, ferlið og afurðina
- notað hugtök og heiti sem tengjast greininni
- notað fjölbreyttar mælieiningar

Kennsluhættir:

Reynt er að hafa verkefni fjölbreytt og þannig úr garði gerð að þau bjóði upp á fjölbreyttar útfærslur. Verkefnunum er ætlað að mæta hverjum nemanda þar sem hann er staddur og styðja hann í að auka færni sína í greininni.

Verkefni eru gjarnan kynnt nemendum á fjölbreyttan hátt, þá er stutt sýnikennsla og loks gengur kennari á milli og aðstoðar nemendur. Nemendur eru einnig hvattir til að hjálpa hvorum öðrum.

Rík áhersla er á að nemendur fái jákvæða upplifun af greininni, þroski og efli sköpunargleði sína og verði jafnvel forvitnari um heiminn í kringum sig.

Námsmat:

Markmið verkefna eru skýr í upphafi og tengjast hæfniviðmiðum Aðalnámskrár. Kennarinn varðar leið nemenda og leiðbeinir þeim áfram í sinni vinnu. Megin áhersla er á verkferlið og þá hæfni sem nemendur öðlast. Námsmatið er á 6 bila kvarða og skráð í Námfús í lok hverrar lotu. Að vori er námsmatið tekið saman og gefin lokaeinkun.

Tímafjöldi:

Kennt er 3 í viku, í 3-5 vikna lotum þar sem nemendur fá tvær lotur í hverri listgrein 2 á vetri. Hópnum er skipt í 5 minni hópa, um 12 nemendur í hóp.

Hæfniviðmið í 5. - 6. bekk

- Getur beitt grunnaðferðum og áhöldum greinarinnar
- Getur fjallað um efnisfræði og unnið úr fjölbreyttum textílefnum
- Getur unnið með einföld snið og uppskriftir
- Getur gert grein fyrir endurnýtingu og efnisveitum
- Getur þróað eigin hugmyndir í textílverk og unnið eftir ferli
- Getur notað fjölbreyttar aðferðir við skreytingu textíla

